

# Hætta fyrir hunda á gosstöðvum



## Lestu hér mikilvægar varúðarráðstafanir!

**MAST mælir eindregið gegn því að fara með hunda að gosi,** en ef hundur fer með þarf að gera varúðarráðstafanir:

**1. Ekki láta hunda drekka úr vatnspollum eða éta snjó á svæðinu!**

Úrkomuvatnið er mikið mengað af alls kyns hættulegum gosefnum, m.a. flúrsýru og saltsýru. Hafið með drykkjarvatn og skál og bjóðið hundinum eftir þörfum að drekka úr skálinni.

**2. Forðist að láta hunda sleikja feld eða þófa** fyrr en skolað hefur verið af þeim með vatni eftir að komið er af gossvæðinu. Best er að setja hundasokka á loppurnar. Saltsýra og mjög lágt sýrustig á yfirborði getur ert þófana, sem hundurinn vill þá sleikja og fær í sig efnin.

**3. Hafið hundinn ávallt í taumi!** Gas getur leynst í lægðum. Lausir hundar geta hlaupið í lægðir þar sem er gas og jafnvel á hraunið. Lausir hundar geta líka valdið öðru fólki hættu og óþægindum á leiðinni með því að koma því úr jafnvægi eða velta á það grjóti.

**4. Forðist að fara mjög nálægt hraunjaðrinum með hund!**

Gas getur verið mikið niður við hraunjaðarinn. Hundurinn er töluvert lægri en við og getur fengið í sig mikið meira gas. Haldið ykkur ofarlega í brekkunni með vindinn í bakið.



## Hundurinn treystir á þig!